

Skipulag

Fundarboðandi: Þóra J. Jónasdóttir

Fundarstaður: Teams

Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir

Dagsetning: 11. febrúar 2026

Fundarritari: Þórður Heimir Sveinsson

Fundartími: 14:15 – 15:15

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Berglind Helga Bergsdóttir og Harpa Luisa Tinganelli (sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar varðandi jákvæðs IPN sýnis við skimun á hlýra af villtum uppruna í Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknarstofnunar í Grindavík.

Umræða

- a. Á fundi Fisksjúkdómanefndar var farið yfir stöðu máls hjá Hafrannsóknarstofnun þar sem eitt hrognasýni af 150 úr hlýra af villtum uppruna hafði greinst jákvætt í eldisstöðinni. Rætt var um þær sýnatökur sem þegar höfðu farið fram, ásamt niðurstöðum þeirra. Einnig var farið yfir þá þætti sem taldir voru mikilvægir með tilliti til faraldsfræði málsins, hvaða þýðingu þeir gætu haft við mat á stöðu og ákvörðun um næstu skref. Jafnframt var farið ítarlega yfir möguleg framhaldsskref í málinu.

Að loknum umræðum komst nefndin að samröma niðurstöðu að mæla með áframhaldandi sýnatökum í eldisstöðinni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15